

20. maí 2018

Íþróttta- og tómstundaráð Reykjavíkur
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Íþróttabandalag Reykjavíkur
Engjavegi 6
104 Reykjavík

Varðar: Erindi frá Dansfélaginu Bíldshöfða kt. 430807-0210

Berist til stjórnar ÍBR og ÍTR

Dansfélagið Bíldshöfði var starfandi frá árinu 2007 til lok árs 2016. Þá tókum við ákvörðun að færa iðkendur okkar yfir í Dansfélag Reykjavíkur. Samstarfið hefur að mestu gengið vel en við höfum tekið ákvörðun að verða aftur sér. Aðalástæðan er að við teljum það vera hag dansins og auka fjölbreytni í dansflórunni.

Dansfélagið Bíldhöfði var stofnað í júní árið 2007 og fór frá því að vera nýtt og lítið dansfélag í að vera með flesta þáttakendur á mótum DSÍ árið 2016. Við erum ekki að stefna að því að endurtaka leikinn heldur frekar byggja upp góðan kjarna af iðkendum á aldrinum 4-18 ára.

Við teljum að um 30 iðkendur muni fylgja okkur og þar á meðal eru pör í landsliði DSÍ og afreksflokki DSÍ sem kallast Ungir og efnilegir.

Við undirrituð óskum eftir að þetta erindi verði tekið fyrir þar sem við viljum geta hafið starfsemi sem fyrst og þá þurfum við húsnæði. Draumastaðan er að fá húsnæði til afnota að fullu sbr húsnæðið sem við vorum í á Bíldshöfða 18 og húsnæðið sem við höfum verið í með Dansfélagi Reykjavíkur og erum við bjartsýn að með stuðningi ÍBR getum við fundið húsnæði við hæfi. Þörfin okkar er húsnæði u.þ.b. 250 fm að stærð og teljum við okkur geta fundið þannig húsnæði fyrir sambærilegan húsaleigustyrk og Dansfélag Reykjavíkur fær í dag. Við teljum okkur þurfa amk 30 klukkustundir á viku

til þess að þjónusta iðkendurna sem fylgja okkur og þá sem bætast við þegar við
auglýsum námskeiðin í ágúst. Ef hentugt húsnæði er á lausu sem er vel staðsett þá
erum við opin gagnvart staðsetningu. Til dæmis gæti húsnæði sem Reykjavíkurborg
hefur nýverið keypt við Arnarbakka komið til greina okkar vegna, amk er
staðsetningin góð þó svo við vitum ekki ástand húsnæðisins.

Með fyrirfram þökk,

Ragnar Sverrisson formaður

Linda Heiðarsdóttir varaformaður